

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Grundarfjarðarbæ.

Óveruleg breyting á deiliskipulagi aðveitustöðvar.

Bæjarstjórn Grundarfjarðarbæjar samþykkti 13. febrúar 2025 óverulega breytingu á deiliskipulagi aðveitustöðvar og fól skipulagsfulltrúa umboð til að ljúka ferlinu, bærust ekki athugasemdir. Í breytingunni felst að mörk deiliskipulagsins breytast á NV-horni deiliskipulagssvæðisins. Við breytinguna minnkar deiliskipulagssvæðið úr 7,94 ha í 7,68 ha, þ.e. um 2.621 m². Að öðru leyti er deiliskipulagið óbreytt. Engar athugasemdir bárust.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Grundarfirði, 14. mars 2025.

Björg Ágústsdóttir bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 27. mars 2025